



# MYND1SX05

## Kennsluáætlun – vorönn 2017

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### Kennarar áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), [agusta@fsu.is](mailto:agusta@fsu.is) / [agustaragnarsdottir@gmail.com](mailto:agustaragnarsdottir@gmail.com) og  
Elísabet Helga Harðardóttir (EH), [elisahelga@gmail.com](mailto:elisahelga@gmail.com) / [elisah@fsu.is](mailto:elisah@fsu.is)

### Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Farið í mikilvægi línu í allri teikningu, skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfra formskilning með greiningu einfaldra forma.

Rúðustækkun og hlutföll.

Í áfanganum kynnst nemendur litafræðum myndlistarinnar, litahringnum og blöndun út frá frumlitum.

### Markmið áfangans:

#### Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægu línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tví- og þrívíðum formum
- litahringnum
- litablöndun út frá frumlitum

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að sýna skyggingu með blýanti með dýpt og tónum gráskalans
- að teikna mismunandi línur (þykkt, dökkt, ljóst) með blýanti
- að nýta sér rúðustækkun
- að blanda 12 litahringinn
  
- að blanda liti út frá frumlitum

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- skynja og sjá að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda
- teikna upp mynd af hlutum og umhverfi
- teikna út frá eigin hugmyndum og fyrirmyndum
- ná fram lit með aðeins frumlitina, svartan og hvítan að vopni

### **Kennslubækur og kennslugögn**

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

### **Kröfur og verkefnaskil**

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur fá teiknipappír, blýanta, yddara og strokleður til afnota í stofunni.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

### **Efnisgjald**

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.